


Skólaþjónusta sveitarfélaga við leik- og grunnskóla

Byggðaráðstefnan 2021: Menntun án staðsetningar? 26. október 2021

Birna Svanbjörnsdóttir, Jórunn Elíadóttir og Sigríður Margrét Sigurðardóttir



Rannsóknarhópurinn:

Birna María Svanbjörnsdóttir
Hermína Gunnþórsdóttir
Jórunn Elíadóttir
Rúnar Sigþórsson
Sigríður Margrét Sigurðardóttir
Trausti Þorsteinsson

- ▶ Rannsóknin, markmið og gagnasöfnun
- ▶ Mismunandi áherslur í þjónustunni
- ▶ Skilningur á eðli ráðgjafar og togstreita um tilgang
- ▶ Áskoranir í skólum
- ▶ Fámenn sveitarfélög
- ▶ Leiðin fram á við - framtíðarhlutverk





- ▶ **Gefa heildarmynd af umgjörð og starfsháttum skólaþjónustu sveitarfélaga og** hvernig þau standa að því að tryggja skólum sínum þann aðgang að skólaþjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum (reglugerð nr. 444/2019), nánar tiltekið:
 - ▶ *Kanna stefnu og forystu fræðsluyfirvalda*
 - ▶ *Kanna starfshætti skólaþjónustunnar, starfslýsingar og hlutverk starfsmanna*
 - ▶ *Kanna samspil skólaþjónustu, við félagsþjónustu sveitarfélaga og stofnanir innan heilbrigðiskerfisins sem annast greiningar á nemendum*
 - ▶ *Skilgreina og finna dæmi um starfshætti skólaþjónustu sem telja má líklega til að stuðla að virkum stuðningi*
- ▶ Greina ólíkar aðstæður eftir landshlutum hvað varðar aðgengi að þjónustu og hvort það hafi mögulega áhrif á jafnræði barna til náms
- ▶ Frekari upplýsingar um rannsóknina á [vef HA](#)

- ▶ Spurningakönnun til skólastjóra leik- og grunnskóla og þeirra sem eru í forsvari fyrir skólaþjónustu (yfirmanna skólaskrifstofa og sveitarstjóra) í 59 sveitarfélögum af 72 á Íslandi
 - ▶ Lítil svörun frá sveitarfélögum með færri en 1000 íbúa
 - ▶ Meirihluti svarenda býr við eigin skólaþjónustu með föstum starfsmönnum eða eigin skólaþjónustu í bland við aðkeypta þjónustu
 - ▶ Þriðja algengasta formið er samstarf í formi byggðarsamlags
- ▶ Greining á helstu stefnuskjölum um skólaþjónustuna sem birt eru á vef sveitarfélaga
- ▶ Viðtöl við forsvaraðila skólaþjónustunnar í fimm völdum tilvikum
- ▶ Viðtöl voru tekin við skólastjóra grunnskóla í sjö tilvikum
- ▶ Niðurstöður hafa verið birtar í tveimur skýrslum á vef HA:
 - ▶ Niðurstöður spurningakönnunar til leikskólastjóra, grunnskólastjóra og forsvaraðila skólaþjónustu, mars 2020
 - ▶ Grunnskýrsla - viðauki með yfirliti um dreifingu svara eftir starfsheiti svarenda og rekstarformi skólaskrifstofu
 - ▶ Niðurstöður tilviksrannsóknar, október 2020

- ▶ **Mikil áhersla á greiningar en lítil á kennslufræðilega ráðgjöf til skóla** (kennara og stjórnenda í daglegum störfum)
 - ▶ Sérfræðiþjónusta sálfræðinga, sérkennsluráðgjafa og talmeinafræðinga er meira áberandi í starfseminni en kennslufræðileg ráðgjöf
- ▶ Enda þótt víða komi fram vilji til að breyta ofangreindum áherslum virðast aðgerðir vera ómarkvissar og ekki styðjast við skýra stefnu eða sammæli milli skóla og skólaþjónustu um hverju/hvernig eigi að breyta
- ▶ Skortir á sameiginlegan skilning á starfsháttum og hlutverki skólaþjónustu, hugtökum tengdum henni bæði innan þjónustunnar sjálfrar og milli skólaþjónustu og skóla

Áhersla skólaþjónustu á að veita starfsfólki faglegan stuðning með...





- ▶ Ekki sami skilningur á merkingu hugtaksins ráðgjöf,
 - ▶ Hvort hún er kennslufræðileg og til þess fallin að efla starfsþróun kennara og skólaþróun, eða leið til að losa kennara undan ábyrgð á að leita lausna fyrir barnið
 - ▶ Þannig virtust skilafundir sálfræðinga til kennara gjarnan skoðaðir sem kennslufræðilegur stuðningur þó að þeir fælust einkum í einhliða skilaboðum
- ▶ Vísbendingar eru um að ráðgjöfin sé ekki samræða kennara og ráðgjafa á jafnréttisgrundvelli sem feli í sér sameiginlega leit að lausnum heldur fremur forskrift sem ráðgjafinn leggur kennurum til um hvernig skuli tekið á málum í hvert og eitt sinn
- ▶ Skortur er á sameiginlegum skilningi á ábyrgð og valdeflingu kennara, sem að hluta til felst í því að þeir finni til ábyrgðar við úrlausn mála og að sjónarmið þeirra séu virt

Spurningakönnun

Lítið samstarf við önnur þjónustukerfi (félags og heilbrigðisþjónustu) og eldveggir á milli sem tálma upplýsingaflæði (t.d. frá barnavernd)

- ▶ Þó dæmi um áhugavert þróunarstarf á þessu sviði

Svör við opnum spurningum bera vott um mjög klíníska sýn á eðli þessa samstarfs

Opnar spurningar úr spurningakönnun

Áberandi hugtök sem svarendur nota:

- ▶ „(nemenda)vandi, erfiðleikar, málefni nemenda, greiningar/ greiningar-teymi/greiningarúrræði, leit að úrræðum, ferlar og viðbrögð, sérkennsla, sálfræðiþjónusta og viðtöl“ ...
- ▶ Fræðsla er nokkrum sinnum nefnd í samhengi við málefni einstakra nemenda

Áskoranir í skólum um að mæta kröfu um menntun fyrir alla

Úr opnum spurningum í spurningakönnun

- ▶ Skortur á sérfræðipækkingu og færni
 - ▶ Grunnskólastjórar:
 - ▶ áskorunin snýr að skorti á sérfræðipækkingu innan skólanna og þeim stuðningi sem skólajónustan veitir
 - ▶ vilja fleiri fagstéttir innan skólanna
 - ▶ kalla eftir öflugri skólajónustu sem getur veitt sérhæfðari stuðning ... og stutt betur við starfsþróun kennara
 - ▶ Leikskólastjórnarnir eru nokkuð á sama máli en telja
 - ▶ að erfiðleikar vegna skorts á leikskólakennurum sé mesti vandi leikskólanna
- ▶ Forsvaraðilum skólajónustunnar er tíðrætt um
 - ▶ skort á færni og þekkingu kennara og nauðsyn þess að efla starfsþróun þeirra og fá þá til að breyta vinnubrögðum sínum
- ▶ Nokkrir úr öllum þremur hópunum segja að áskorun felist í að ... breyta viðhorfi kennara (og annars starfsfólks) og jafnvel skólastjóra og foreldra um menntun fyrir alla

- ▶ Viðfangsefni og skipulag skólaþjónustu hvílir á skólastjórum í fámennari sveitarfélögum þar sem ekki er skólaskrifstofa
 - ▶ Þeir telja sig eina um ábyrgðina og finnst fátt um stuðning
 - ▶ Stuðningur, áhugi og skilningur sveitastjórnar, sveitastjóra og fræðslunefndar skiptir sköpum
 - ▶ Misjafnt hversu mikil sérfræðipækking hefur verið byggð upp í skólunum
 - ▶ Oftast aðkeypt þjónusta frá sálfræðingi og talmeinafræðingi
 - ▶ Tilkoma Ásgarðs (Tröppu) hefur aukið möguleika á kennslufræðilegum stuðningi og stuðningi við skólastjóra

Hver er leiðin fram á við í skólaþjónustunni?

Framtíðarhlutverk og skipulag

- ▶ Skapa þarf samstöðu um hvað stefnan þýðir í framkvæmd og hvernig henni er fylgt eftir
 - ▶ Stuðla að auknu samtali og sameiginlegri ábyrgð milli aðila, innan og milli ólíkara kerfa
 - ▶ Skilgreina merkingu hugtaka, eins og t.d. ráðgjöf
 - ▶ Skilgreina betur eðli og hlutverk stuðnings við einstaka nemendur (og foreldra) – til hvers eru greiningar?
 - ▶ Hvers eðlis á ráðgjöf í kjölfar greininga að vera (skólamiðuð eða klínísk?)
 - ▶ Skilgreina hlutverk skólaþjónustu að styðja við framkvæmd skólastefnu á borð við menntun fyrir alla
 - ▶ Efla þjónustu sveitarfélaganna um kennslufræðilega ráðgjöf
 - ▶ Styðja við þróunarverkefni og starfsþróun

- ▶ Mæta þarf þörfum sveitarfélaga og skóla af öllum stærðum og gerðum
 - ▶ Skilgreina betur ólíkar þarfir ólíkra sveitarfélaga
 - ▶ Samvinna sveitarfélaga til að samnýta og efla þjónustu
 - ▶ Mikilvægt að ræða og finna lausnir á hvernig fámenn sveitarfélög geti byggt upp öflugan skólalþjónustu
 - Ekki síst með tilliti til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna
- ▶ Skoða þarf skólalþjónustuna og niðurstöður þeirrar rannsóknar sem hér hefur verið kynnt í samhengi við *Aðgerðaráætlun um menntastefnu* og það sem þar segir um heildstæða skólalþjónustu og mótun gæðaviðmiða um hana

Skýrslur:

- ▶ [Niðurstöður spurningakönnunar til leikskólastjóra, grunnskólastjóra og forsvaraðila skólaþjónustu, mars 2020](#)
- ▶ [Grunnskýrsla, viðauki við Niðurstöður spurningakönnunar til leikskólastjóra, grunnskólastjóra og forsvaraðila skólaþjónustu, febrúar 2020](#)
- ▶ [Niðurstöður tilviksrannsóknar, október 2020](#)

Greinar:

- ▶ Grein í TUM (Tímarit um uppeldi og menntun) í desember 2021
 - ▶ *Skólaþjónusta sveitarfélaga: Starfsþróun og skólar sem faglegar stofnanir*
- ▶ Grein í farvatninu
 - ▶ *Skólaþjónusta sveitarfélaga við nemendur og foreldra: Skipulag, inntak og tilgangur*

▶ Takk fyrir